

Ed.

1150. Nefndarálit

[247. mál]

um frv. til l. um flutningsjöfnunarsjóð olíu og bensíns.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frv. og kallað á sinn fund forstjóra allra olúfélaganna, fulltrúa viðskiptaráðuneytisins, Svein Björnsson, og Gunnar Þorsteinsson fulltrúa verðlagsstjóra.

Frv. fjallar um að leggja niður svokallað verðjöfnunargjald á olúvörum, sem verið hefur í gildi frá árinu 1953, og taka upp flutningsjöfnunarsjóð.

Nefndin telur að þessi breyting sé til bóta því að svokallað verðjöfnunargjald hefur verið mjög gagnrýnt og erfitt að koma þar við æskilegu eftirliti.

Nefndin leggur til að gerð verði sú breyting, eða viðbót, á frv. að það taki einnig til annars þáttar í olúuverðsmynduninni hér innanlands, en það er svokallaður innkaupajöfnunarreikningur. Í hann er fært gjald sem tekið er af hverjum olúfarmi sem fluttur er til landsins og reikningurinn látinn jafna sveiflur sem eru á verði bensíns og brennsluolíu.

Nefndin leggur til að stofnaður verði sérstakur innkaupajöfnunarreikningur sem hvert olúfélag eða olúinnflytjandi skal halda. Nefndin telur slíka breytingu geta orðið hvata til þess að olúfélögin leggi megináherslu á að ná sem hagstæðustum innkaupum á þeim olúvörum (bensíni og brennsluolíu) sem eru fluttar inn utan sérstakra viðskiptasamninga, en það er um helmingur þessara vara.

Varðandi breytingartillögur nefndarinnar á þskj. 1149 skal eftirfarandi tekið fram til skýringar:

Um nýja 6. grein.

Nú er haldinn sameiginlegur innkaupajöfnunarreikningur olúfélaganna þriggja hjá Verðlagsstofnun yfir bensín, gasolíu og svartolíu. Með sérstökum innkaupajöfnunareikningi hvers olúinnflytjanda á hverri olútegund skapast möguleiki á aukinni samkeppni milli olúinnflytjanda um hagstæð innkaup og söluverð þó að sama verð gildi um allt land hjá hverjum innflytjanda og útsölumönnum hans.

Með þessu ættu millifærslur milli innflytjenda að falla niður.

Undanþága frá innkaupajöfnun nær til millilandaflugs og sölu á öðrum olfum til erlendra aðila.

Um nýja 7. grein.

Með innkaupajöfnun er nauðsynlegt að halda hverri olútegund aðskilinni svo að notendur bensíns greiði ekki niður t. d. gasolíu fyrir notendur hennar eða öfugt.

Tilkynningarskylda til Verðlagsstofnunar um breytingu á jöfnunarverði er sett til þess að stofnunin hafi betri möguleika á að fylgjast með verðþróun og grípa inn í verðlagningu olúvara reynist það nauðsynlegt.

Verðlagsstofnun skal setja innflytjendum samræmdar reglur um innkaupajöfnun svo að ekki verði mismunur milli einstakra innflytjenda varðandi t. d. jákvæða eða neikvæða stöðu reikninga eða eftir því hvort jöfnunarverðið tekur mið af meðalverði birgða eða öðru eftir aðstæðum hverju sinni.

Um nýja 8. grein.

Til kostnaðarverðs í greininni telst „cif-verð“, rýmun við flutning til landsins, tollar og önnur aðflutningsgjöld innheimt við tollmeðferð, vörugjald til innflutningshafna, uppskipunarkostnaður og sérstakur innkaupahvati. Greinin fjallar að öðru leyti um skilgreiningu á jöfnunarverði olíu og innkaupajöfnunarreikningi.

Um nýja 9. grein.

Það hefur verið deilt á verðlagsyfirvöld fyrir það að þau skapi ekki nægan hvata til hagstæðra olúinnkaupa með ákvörðun um hámarksverð og hámarksálagningu. Hér er gerð

tilraun til að hvetja olúinnflytjendur til hagstæðra innkaupa meðan hámarksverð eða hámarksálagning eru í gildi gegn ákveðinni umbun, með það í huga að bæði innflytjendur og neytendur fái notið góðs af.

Auk þess er gert ráð fyrir að sameina einstaka liði í samþykktum verðútreikningi olúvara, svo sem bankakostnað, geymslurýrnun, vaxtaálagningu, magnálagningu, veltuálagningu og flutningsjöfnunargjald þannig að þeir verði hluti álagningar innflytjenda.

Um nýja 10. grein.

Hér er ítrekað að ákvörðunarvald um verðlagningu olúvara er samkvæmt lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, og því í höndum Verðlagsráðs að ákveða hvernig verðlagningu olúvara skuli háttáð að öðru leyti en lög þessi gera ráð fyrir.

Um nýtt ákvæði til bráðabirgða.

Um næstu áramót á flutningsjöfnunarsjóður að taka við réttindum og skuldbindingum Verðjöfnunarsjóðs.

Þá mun Verðlagsráð ákveða flutningsjöfnunargjald og flutningskostnað á olíum og bensíni en dagleg framkvæmd verða í höndum stjórnar sjóðsins og Verðlagsstofnunar.

Fyrir þann tíma ætti að gefast kostur á að láta athuga hagkvæmni olúflutninga og fyrirkomulag þeirra áður en nýir aðilar taka við framkvæmd laganna.

Nefndarmenn urðu sammála um afgreiðslu þessa máls. Stefán Benediktsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur afgreiðslu þess.

Alþingi, 6. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson,
form.

Egill Jónsson.

Eiður Guðnason,
fundaskr.

Ragnar Arnalds.

Kristín Ástgeirsdóttir,
með fyrirvara.

Valdimar Indriðason,
frsm.

Jón Kristjánsson.